

## Sveitarstjóri Dalir

---

**From:** Sveitarstjóri Dalir  
**Sent:** föstudagur, 15. desember 2017 09:04  
**To:** Finnbogi Kristjánsson  
**Subject:** Re: 1609021 - Afgreiðsla sveitarstjórnar - Gagntilboð

Sæll  
Jú þessi texti er ágætur, við munum þó undanskilja meira en sjálfa vatnsveituna, réttara að tala um vatnsréttindi og hluta vatnsverndarsvæðis.

Með kveðju  
Sveinn

On 14. des. 2017, at 20:34, Finnbogi Kristjánsson <[finnbogi@fron.is](mailto:finnbogi@fron.is)> wrote:

Sæll, Sveinn

Takk fyrir þetta.

Staðfesti móttöku!

Smá ábending, varðandi orðalagi. Það er eins og Dalagisting eigi í jörðunum?  
Ætti það ekki að vera svona?

*„Tillaga 2: Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram gagntilboð 470 millj. kr. Gagntilboðið gildir fyrir eignarhluta Dalabyggðar í jörðinni Laugar í Sælingsdal, skólalóð ásamt hitaveituréttindum, öll mannvirki og jörðina með eignarhluta Dalagistingar í „hótelhluta“ svo og Sælingsdalstungu að frátalinni vatnsveitu Dalabyggðar.“*

*Nánari útfærsla í kaupsamningi, eftir eðli máls og í samræmi við venjur.*

Mbk

**Finnbogi Kristjánsson**  
**Lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali**  
**og lögg. leigumiðlari**  
**897-1212**

**FRÓN fasteignamiðlun**  
**Síðumúla 23, 2. hæð**  
**108 Reykjavík**  
**519-1212**

[www.fron.is](http://www.fron.is)

Finnbogi Kristjánsson lögg. fasteigna- skipa og fyrirtækjasali og lögg. leigumiðlari hefur starfað við fasteignasölu rúm 30 ár og er eigandi af FRÓN fasteignamiðlun. Sérhæfing í sölu og veðmötum á

fasteignum. Einnig í fjármálum heimilanna, rekstri fyrirtækja og sölu bújarða m.m. . Finnbogi er menntaður í búfræði- ferðamála- og viðskiptafræði svo af lögfræðisviði frá HÍ, Bifröst og Lbhi

Þann 14. desember 2017 kl. 20:17 skrifaði Sveitarstjóri Dalir <[sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)>:

<image002.jpg>

## **Fasteignasalan Frón**

### **Finnbogi Kristjánsson**

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar fyrr í dag 14. desember 2017 var fjallað um tilboð Arnarlóns ehf. dags. 8. desember sl.

Eftirfarandi var bókað:

*„Borist hefur tilboð í hlut Dalabyggðar í jörðinni Laugar í Sælingsdal, skólalóð ásamt hitaveituréttindum, öll mannvirki og jörðina Sælingsdalstungu að frátalinni vatnsveitu Dalabyggðar.*

*Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Ingveldur, Eyþór, Þorkell, Valdís, Jóhannes.*

*Fram komu tvær tillögur:*

*Tillaga 1: Sveitarstjórn samþykkir fyrirleggjandi tilboð 450 millj. kr. með fyrirvara um að ekki komi fram betra tilboð fyrir 30. desember nk. Eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi.*

*Tillaga 2: Sveitarstjórn samþykkir að leggja fram gagntilboð 470 millj. kr. Gagntilboðið gildir fyrir eignarhluta og allar eignir Dalabyggðar og Dalagistingar í jörðunum Laugar og Sælingsdalstungu að frátöldu vatnsverndarsvæði og vatnsréttindum Sælingsdalstungu. Tilboðið verði með fyrirvara um að ekki komi fram hærra tilboð fyrir 30. desember nk. og að eignirnar verði auglýstar í einu lagi í fasteignablöðum um komandi helgi. Einnig verði fyrirvarar um að langtíma leigusamningur náist um húsnæði Byggðasafnsins og um afnot af íþróttahúsi og sundlaug.*

*Fundurinn er sammála um að tillaga 1 verði tekin til afgreiðslu á undan.*

*Afgreiðsla á tillögu 1. Tillagan felld með 4 atkvæðum (IG, HSS, VG, JHH) gegn þremur.*

**Afgreiðsla á tillögu 2. Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum. Einn sat hjá (SBG).“**

Ég bið þig um að tilkynna tilboðsgjafa þetta og koma auglýsingu í fasteignablöð helgarinnar og á fasteignavefi.

Vinsamlega staðfestu móttöku þessa skeytis.

Með kveðju,

Sveinn Pálsson

Sveitarstjóri Dalabyggðar

Miðbraut 11, 370 Búðardal.

sími: 430 4700

netfang: [sveitarstjori@dalir.is](mailto:sveitarstjori@dalir.is)

veffang: [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

---

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake

---